

# DAGSKRÁ SKÁTASUMARSINS

Annað upplýsingabréf mótstjórnar



Góðan dag!

Nú er farið að styttest gríðarlega í þetta mikla skátasumar og er þetta annar upplýsingarpóstur fyrir Skátasumarið 2023! Í kjölfar þess fer skráningin alveg að koma að lokum, aðeins 2 vikur eftir, skráningin lokar þann 20. maí n.k..

Við viljum benda á að rekkaskátar geta nú skráð sig óháð félagi og þurfa ekki fararstjóra með sér. Þess í stað verður starfsmaður mótsins tengiliður rekkaskátanna á mótinu.

Nú er dagskráin fyrir mótið nánast tilbúin og hefur mótsstjórnin lagt harðar hendur á að gera hana bæði æsispennandi og krefjandi fyrir hvern aldurshóp. Hér að neðan er nánari lýsing á dagskránni:

Í **opinni dagskrá** geta þátttakendur valið sér hvað þau gera og fá tækifæri á að safna sér inn gullpeningum til að geta viðhaldið sínu skipi í höfninni, safnað í púkk og keypt nauðsynlegan sjóræningjabúnað.

**Þorpadagskrá** er skyldudagskrá fyrir alla þátttakendur og mun einn aldurshópur í einu fara í viðeigandi þorp á hverjum degi. Með því að mæta í þorpadagskránnu munu skátarnir komast nær því að finna hinn dulda fjársjóð Úlfs hins ljóta.

- Verkstæðið er þar sem fálkaskátum og drekaskátum gefst kostur á að smíða, föndra og útbúa allskyns sjóræningjahluti á meðan þau vinna í sameiningu að því að smíða skip sem hægt er að gera siglingarhæft.
- WOSM þorpið eða Better world þorpið gefur þátttakendum á öllum aldri og skátafélögum kost á að kynna sér Better world dagskrápakkann frá WOSM. Tilgangur þorpsins er að kynna skátunum fyrir öðruvísi alþjóðastarfi sem hægt er að sinna heima og til að leyfa félögum að sjá hvernig hægt er að nýta dagskrápakka frá t.d. WOSM í sinni eigin dagskrá.
- Svarti Sjórinn er dagskráþorp þar sem drótt- og rekkaskátar munu leggja í hina stóru þrautabraut. Hún krefst þess að skátarnir leysi allskyns þrautir sem reyna á samvinnu, líkamsgætu og hugarafli til að losna undan undarlega storminum sem kom yfir Svarta sjó á meðan liðið þeirra sigldi þar í gegn.



**Dagsferðir** eru einnig partur af þorpadagskrá og mun hver aldurshópur fara á mismunandi staðsetningar:

- *Drekaskátar* fara á Sólheima þar sem þau kynnast starfsemi Sólheima, sinna samfélagsverkefni, kynnast skátum frá Sólheimum og fara í leikjadagskrá sem er sérsniðuð í kringum svæðið og þema mótsins.
- *Fálkaskátar* fara á Þingvelli og fara þar í stórbrotin póstaleik á svæðinu. Sjóráningjar alls staðar á landinu munu koma þar saman að veita ýmsan fróðleik og vitneskju fyrir þá skáta sem ná að ljúka viðeigandi verkefnum. Í gegnum leikinn kynnast skátarnir sögulegu gildi Þingvalla en jafnframt láta reyna á samvinnu, flokkastarf og heilastarfsemi.
- *Dróttaskátar* fara í göngu á slóðum fyrstu sjóræningjanna milli Eyrarbakka og Knarrarósvita. Ýmiss stopp verða á leiðinni þar sem þau ljúka verkefnum tengdum svæðinu, sjóræningjum og hver veit nema að þau rekist á einn eða tvo sjóræningja á leiðinni, hvort sem þeir séu lifandi eða dauðir.
- *Rekkaskátar* munu fara í göngu á Hengilssvæðinu með stoppi hjá þremur skátaskálum sem verða kynntir fyrir þeim, sem gott tækifæri til að nýta sér í þeirra eigin skátastarfi. Unnið verður að því að bæta upp skálana á svæðinu og gera þá nothæfari í starfi áður en haldið verður áfram í göngunni og endað á sundspretti í Reykjadal.

**Kvölddagskráin** skiptist síðan jafnt á milli kvölda þar sem að áherslan á kvöldi 2 eru aldursbilin og fá þau sína eigin dagskrá til að taka þátt í. Á kvöldi 3 er samvinna milli allra þátttakenda í æsispennandi verkefni og á kvöldi 4 verður hin mikla hátíðarkvöldvaka.

Við bíðum spennt eftir að sjá ykkur á skátasumrinu!

Með skátakveðju og sól í hjarta,  
Mótstjórn Skátasumarsins 2023.

